

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna tannlæknakostnaðar örorku- og ellilífeyrisþega.

1. *Hvaða skilyrði gilda um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna tannlæknakostnaðar örorku- og ellilífeyrisþega og hversu mikil er hún í einstökum tilvikum?*

Þar sem nær allur kostnaður við tannlækningar örorku- og ellilífeyrisþega fellur undir almennar tannlækningar miðar svarið við þann þátt tannlækninga. Utan almennra tannlækninga falla tannlækningar vegna afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma auk tannrétt-
inga.

Um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við almennar tannlækningar er fjallað í II. kafla reglugerðar nr. 451/2013, um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tannlækningar, eins og henni var breytt með reglugerð nr. 331/2014. Greiðsluþátttaka samkvæmt reglugerðinni er nánar ákveðin í gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands (SÍ), nr. 305/2014, fyrir tannlækningar sem ekki hefur verið samið um samkvæmt lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008 (hér eftir kölluð gjaldskrá SÍ).

Fyrir lífeyrisþega án tekjutryggingar er greiðsluþátttaka SÍ 50% af gjaldskrá SÍ, fyrir lífeyrisþega með 75% tekjutryggingu er greiðsluþátttaka SÍ 75% af gjaldskrá SÍ og 100% af gjaldskrá SÍ vegna langsjúkra.

2. *Hversu mikil hefur greiðsluþátttaka sjúkratrygginga vegna tannlæknakostnaðar örorku- og ellilífeyrisþega verið í einstökum tilvikum frá árinu 2000? Svar óskast sundurliðað eftir árum og uppreiknað með tilliti til vísitölu neysluverðs.*

Í eftirfarandi töflu kemur fram kostnaður við greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna almennra tannlækninga elli- og örorkulífeyrisþega. Tölur eru fyrir annað hvert ár frá 2000–2014 (auk ársins 2005) og eru á föstu verðlagi miðað við vísitölu neysluverðs. Í gögnum SÍ eru ekki til áreiðanlegar upplýsingar um verð tannlækna fyrr en árið 2005. Það ár samsvaraði greiðsluþátttaka sjúkratrygginga vegna beggja hópa um 57% af verði tannlækna. Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga hefur lækkað hlutfallslega frá því ári og nam að meðaltali um þriðjung af verði tannlækna árið 2014.

| Ár | Ellilífeyrisþegar | | | Örorkulífeyrisþegar | | |
|------|----------------------|-----------------|--------------------|----------------------|-------------|--------------------|
| | Kostnaður SÍ í m.kr. | Verð tannlæknis | Greiðsluþáttaka SÍ | Kostnaður SÍ í m.kr. | Verð læknis | Greiðsluþáttaka SÍ |
| 2000 | 382,8 | | | 205 | | |
| 2002 | 342,1 | | | 193 | | |
| 2004 | 419,5 | | | 262 | | |
| 2005 | 460,4 | 806,9 | 57,1% | 283 | 492 | 57,5% |
| 2006 | 443,5 | 846,4 | 52,4% | 276 | 510 | 54,1% |
| 2008 | 395,6 | 888,3 | 44,5% | 240 | 522 | 46,0% |
| 2010 | 313,4 | 845,8 | 37,1% | 193 | 478 | 40,4% |
| 2012 | 304,6 | 904,3 | 33,7% | 177 | 489 | 36,3% |
| 2014 | 345,9 | 1.176,4 | 29,4% | 194 | 617 | 31,5% |

Sjúkratryggingar Íslands tóku við umsjón sjúkratrygginga af Tryggingastofnun ríkisins 1. október 2008.

3. *Hyggst ráðherra leggja til innleiðingu á nýju greiðsluþáttökukerfi vegna tannlækna-kostnaðar örorku- og ellilífeyrisþega sambærilegu greiðsluþáttökukerfi sjúkratrygginga fyrir börn?*

Ráðherra hefur ekki áform um að innleiða nýtt greiðsluþáttökukerfi vegna tannlækna-kostnaðar örorku- og ellilífeyrisþega sambærilegt greiðsluþáttökukerfi sjúkratrygginga fyrir börn.